



Fundargerð

Tilv. 1501028/1.7

Fundur: Grisjunarráð 10/2015.
Dagsetning og tími: 9. desember 2015, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Hrefna Róbertsdóttir sviðsstjóri vörslusviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður.
Mættir: Allir mættir.
Fundarritari: Hrefna Róbertsdóttir, sviðsstjóri vörslusviðs

Þjóðskjalavörður setti fundinn.

Dagskrá:

1. Fundargerðir.
2. Grisjunarbeiðni Háskóla Íslands – dags. 1.9.2015 – spurningalistar. Lagt fram að nýju eftir að nýrra gagna hefur verið aflað.
3. Grisjunarbeiðni Akureyrarkaupstaðar – dags. 13.10.2015. – Afrit af lögregluskýrslum.
4. Grisjunarbeiðni Menntaskólans á Ísafirði – dags. 17.11.2015. – Bókhalddsgögn
5. Grisjunarbeiðni Reykjavíkurborgar – dags. 25.11.2015 – Skjöl tengd húsaleigubótaumsóknum.
6. Önnur mál

1. Fundargerðir.

Fundargerðir voru undanritaðar fyrir síðustu þrjá fundi, fund 7/2015, 8/2015 og 9/2015.

2. Grisjunarbeiðni frá Háskóla Íslands – dags. 1.9.2015 – spurningalistar.

Beiðni var lögð fram að nýju eftir að nýrra gagna hafði verið aflað um tilurð spurningalistanna sem óskað var eftir grisjun á. Um er að ræða frumrit um 90 útfylltra spurningalista, merktum Félagi sálfræðinema, frá 1984 eða litlu síðar. Spurningalistarnir eru merktir E.P.Q. Lokaritgerðir nokkurra nemenda voru byggðar á þessum gögnum.

Beiðninni er hafnað á grundvelli þess að um sýnishorn könnunar frá 9. áratug 20. aldar sé að ræða og því vert að varðveita þá í skjalasafni Háskóla Íslands.



3. Grisjunarbeiðni frá Akureyrarkaupstað – dags. 13.10.2015. – Afrit af lögregluskýrslum.

Beiðni var lögð fram um að grisja lögregluskýrslur sem tengjast erindum sem Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar fékk en urðu ekki tilefni til sérstakra aðgerða að þeirra hálfu. Beiðninni er hafnað vegna þess að skýrslurnar eru hluti af skjalasafni Akureyrar og sýna ákveðið verklag við afgreiðslu mála hjá barnaverndarnefndinni. Ekki liggur ljóst fyrir hvernig verklagið við að ákveða hvaða skýrslur verði hluti af málum hjá nefndinni eru, og því þurfa afritin að vera í skjalasafninu til að sýna að nefndin hafi fengið skýrslurnar til sín. Auk þess geta þær síðar orðið mikilvægar varðandi mál sem síðar koma upp.

4. Grisjunarbeiðni frá Menntaskólanum á Ísafirði – dags. 17.11.2015. – Fylgiskjöl bókhalds.

Frestað til næsta fundar.

5. Grisjunarbeiðni frá Reykjavíkurborg – dags. 25.11.2015 – Skjöl tengd umsóknum um húsaleigubætur.

Beiðni var lögð fram um grisjun á fylgiskjölum sem eru tengd umsóknum um húsaleigubætur 2008–2015. Beiðnin er samþykkt. Fordæmi eru fyrir því að heimilt sé að eyða afritum af skattskýrslum og launaseðlum sjö árum eftir að skjölin eru mynduð með því skilyrði að haldið sé eftir öllum fylgiskjölum sem sýnihornum af árum sem enda á 0, þ.e. fyrir árið 2010.

6. Önnur mál.

Rætt var um að endurnýja þyrfti eyðublöð vegna umsókna um grisjun og að þau verði endurskoðuð.

Fundi slitið kl. 13:30.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Hrefna Róbertsdóttir (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)